

Verðlagsgrundvöllur landbúnaðararufurða hækkar um tæp 2%

En útsöluverð afurða hækkar töluvert meira vegna aukins kostnaðar

EINS og kunnugt er var verðlagsgrundvelli landbúnaðararufurða sagt upp s.l. vetur. Hefur sex manna nefnd, þrír fulltrúar frá framleiðendum og þrír frá neytendum, unnið að því undanfarið að ákveða nýjan verðlagsgrundvöll. Varð nefndin sammála um hann í fyrrinótt.

Samkvæmt samkomulaginu mun verðlagsgrundvöllurinn hækka um tæplega 2%, sem eiga að koma í hlut bænda. En gera má ráð fyrir allmiklu meiri hækku á útsöluverði landbúnaðararufurða vegna aukins kostnaðar, sem lagzt hefur á við meðferð, dreifingu og sölu afurðanna.

Meðalbúið stækkar

Mbl. hefur haft nokkrar fregnir af hinum nýja verðlagsgrundvelli. Í honum mun gert ráð fyrir að útgjöld búans hækki um rúmlega 20 þús. kr. En jafnframt er gert ráð fyrir að meðalbúið hafi stækkað allverulega. Er nú reiknað að þar með 6,5 kúm og keldum kvígum, 2,3 öðrum nautgripum, 100 ám og 20 gemlingum. Hækka tekjur bóndans þess vegna verulega með aukinni mjólkur- og kjótfraðslu.

Ekki er hægt að fullyrða um, hve útsöluverð afurðanna muni hækka mikið. En það hækkar minna vegna aukningar framleiðslunnar. Er framleiðsluaukningin talin vega upp á móti hinum stóru aukna tilkostnaði bóndans.

Reiknað með 10 þús. kr. kauphækkun til bóndans

Kaup bóndans er t.d. áætlað tæplega 10 þús. kr. hærra en áður, eða 59,760,00 kr. í stað 49,904,00. Er þá miðað við kauphækkunir, sem orðið hafa hjá öðrum stéttum.

Aðkeypt vinnuafli er hins vegar talið lækka úr kr. 16,264,00 í kr. 12,577,00.

Aukin vinnslu- og sláturkostnaður

Gert er ráð fyrir að kostnaður

við slátrun sauðfjár og við vinnslu mjólkur hækki töluvert vegna hækkaðs kaupgjalds. Kemur sá kostnaðarauki fram, sem viðbót við það verð, sem bóndinn á að fá.

Framleiðsluráð landbúnaðarins verðleggur landbúnaðararufurðir á komandi hausti eftir hinum nýja verðlagsgrundvelli, og er nú unnið að þeirri verðlagningu, sem verður kunn á næstunni.

Ný kirkja í Heydölum

FYRIR nokkru var byrjað á smíði nýrrar kirkju í Heydölum í Breiðdal, en gamla kirkjan þar varð 100 ára í fyrra. Það mun ætlunin að verkinu verði óslitið áfram haldið unz kirkjan er komin undir þak.

Slátrun að hefjast í Skagafirði

SAUÐÁRKROKI, 11. sept. — Göngur hefjast hér um aðra helgi. Slátrun í Skagafirði, eða á verzlunarsvæði Sauðárkróks hefst um næstu helgi, eða viku fyrir almennar fjárleitir í Skagafirði. — jón.



Kristbjörg Kjeld getur sér gott orð í hlutverki vinkonunnar í gamanleiknum „Sápuvúkur“, sem Leikhús Heimdallar sýnir nú. — Næsta sýning er í kvöld kl. 9. Aðgöngumiðar eru seldir frá kl. 2 í dag í Sjálfstæðishúsinu.

Nýja hraðfrystihúsið veitir mikla atvinnu

AKUREYRI, 11. sept. — Unnið er nú af fullum krafti í hinu nýja hraðfrystihúsi Útgerðarfélag Akureyringa hf. Vinna þar nú milli 110 og 120 manns. Eins og fyrr hefur verið frá skýrt byrjaði frystihúsið starfsemi sína hinn 16. ágúst sl. og hefur nú lokið við að frysta í rúmlega 7000 kassa og er það að mestu leyti karfi.

Tveir togarafarmar

Frystihúsið hefur m. a. tekið á móti tveimur heilum togaraförum og á morgun er togarinn Harðbakkur væntanlegur með fullfermi sem allt verður unnið í frystihúsinu. Auk þessa hefur frystihúsið svo tekið á móti nokkrum slöttum úr skipum sínum.

Þrjú héraðsmót Sjálfstæðismanna um næstu helgi í Norður-Ísafjarðarsýslu, Ísafirði og Vestur-Skaftafellssýslu

UM NÆSTU helgi verði þrjú héraðsmót á vegum Sjálfstæðisflokksins. Héraðsmót Sjálfstæðismanna á Ísafirði verður á laugardagskvöld og það kvöld halda einnig Sjálfstæðisfélagin í Vestur-Skaftafellssýslu héraðsmót að Kirkjubæjarklaustri. Á sunnudaginn verður svo héraðsmót Sjálfstæðismanna við utanvert Ísafjarðardjúp haldið í Bolungarvík.

Ísafjörður

Mótið á Ísafirði verður laugardaginn 14. sept. og hefst kl. 8.30 síðl.

Ræður flytja alþingismennirnir Gunnar Thoroddsen og Kjartan J. Jóhannsson. Óperusöngvararnir Guðmunda Elíasdóttir, Guðmundur Jónsson og Þuríður Pálsdóttir flytja gamansöngleikinn „Ást og andstreymi“ eftir Offenbach. Undirleikari er Magnús Bl. Jóhannsson. Um kvöldið verður dansleikur í félagsheimilinu.

Kirkjubæjarklaustur

Mótið í Vestur-Skaftafellssýslu verður að Kirkjubæjarklaustri laugardaginn 14. sept. og hefst kl. 8.30 síðl.

Ræður flytja séra Sigurður Haukdal og alþingismennirnir Ingólfur Jónsson og Jón Kjartansson. Skemmtiatriði annast leikararnir Brynjólfur Jóhannsson, Lára Pálsson og Þorsteinn

Hannesson, óperusöngvari. Síðan verður dansleikur.

Bolungarvík

Mótið við utanvert Ísafjarðardjúp verður í Bolungarvík sunnudaginn 15. sept. og hefst kl. 4 síðdegis.

Ræður flytja alþingismennirnir Gunnar Thoroddsen og Sigurður Bjarnason. Óperusöngvararnir Guðmunda Elíasdóttir, Guðmundur Jónsson og Þuríður Pálsdóttir flytja gamansöngleikinn „Ást og andstreymi“. Undirleikari er Magnús Bl. Jóhannsson. Um kvöldið verður dansleikur í félagsheimilinu.

Sitja þing Sp

12. ALLSHERJARÞING Sameinuðu þjóðanna hefst í New York 17. þ.m. Fulltrúar Íslands á þinginu hafa verið skipaðir Thor Thors, ambassador, og Þórarinn Þórarinnsson, ritstjóri. Ít. Rúík-ráðherra Guðmundur Ú. Guðmundsson mun verða viðstaddur opnun þingsins og sækja fundi þess fyrst framan af. (Útanríkisráðuneytið).

Þingi Kvenfélagsambands Íslands lýkur í dag

Í DAG lýkur þingi Kvenfélagsambands Íslands, en það hefur staðið yfir hér í Reykjavík síðan á mánudag sl.

Í gær fór fram stjórnarkosning. Aðlbjörg Sigurðardóttir var endurkjörin, en hún átti að ganga úr stjórninni að þessu sinni. Aðrar í stjórninni eru Guðrún Pétursdóttir, formaður og Rannveig Þorsteinsdóttir.

KÓPASKERI, 11. sept. — Ógættir hafa verið undanfarið en þegar gefið hefur á sjó frá Raufarhöfn, hefur verið ágætur afli á handfæri. — Jósep.

Hermann Prey syngur á æskulýðstónleikum í kvöld

Síðustu tónleikar hans hÉrlendis

Í KVÖLD kl. 7 efnir Heimdallur til æskulýðstónleika í Austurbæjarbíói. Þýzki barytonsöngvarinn Hermann Prey, sem getur sér frægðarorð víða um heim, mun syngja þar einsöng og samlandi hans Ernst Schönfelder, flautuleikari leikur verk eftir Bach og Hindemith. Undirleik fyrir báða listamennina annast Guðrún Kristinsdóttir frá Akureyri.

Þessir tónleikar eru þeir síðustu, sem Hermann Prey hefur hÉr á landi að þessu sinni og jafnframt þeir einu, þar sem hinn frábæri flautuleikari Ernst Schönfelder kemur fram. Hér er um einstakt tækifæri að ræða fyrir tónlistarunnendur því að tónleikarnir eru opnir fyrir allan almenning.

Hermann Prey hefur þegar sungið á tveimur tónleikum fyrir styrktarfélag Tónlistarfélagssins og voru á söngskránín lög eftir Schubert við ljóðaflokkinn „Die Schöne Müllerin“ eftir Wilhelm Müller. Á tónleikum í kvöld verður breytt efnið. Á henni eru lög eftir Beethoven, Schubert, Schumann, Wolf og Strauss.

Aðgöngumiðar kosta aðeins 20 kr. og eru seldir í Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar og skrifstofu Heimdallar í allan dag og í Austurbæjarbíói frá kl. 2.

Bæjarsafninu berast gjafir

Því er ánafnað merkilegt verðlaunagripa-safn.

UNDANFARIÐ hafa skjala- og minjasafni Reykjavíkur borizt margar góðar gjafir, gamlir munir sem verið hafa á ýmsum Reykjavíkurheimilum. Svo hefur safninu verið ánafnað eitt mesta verðlaunagripasafn fyrir ípróttafrek, sem er í einkaeign.

Þetta safn á Magnús Guðbjörns son póstmáður, sem kalla mætti Nurmi Íslands, en hann var um 25 ára skeið ósigrandi maraþonhlaupari og á hið merkilegasta safn ípróttaverðlauna frá þessum árum. Hefur hann ánafnað Bæjarsafninu þetta verðlaunagripasafn eftir sinn dag.

Þá hefur Árni Haraldsson kaupmaður gefið safninu mikið safn gamalla Reykjavíkumynda

sem faðir hans Haraldur Árnason kaupmaður, átti. Eins hefur frá Sigriður Einarsson ekkja Páls Einarssonar fyrsta borgarstjóra Reykjavíkur, gefið safninu muni úr heimili þeirra hjóna. Loks hefur svo frá Baldvina Hafliðadóttir kona Haralds Ágústssonar hús gagnabólstrara, Brávallagötu 20, gefið safninu ýmsa gamla merka gripi.

Lárus Sigurbjörnsson forstöðumaður safnsins sagði Mbl. í gær að allt væri þetta hin merkustu gjafir og hefir safninu ekki fyrr borizt jafnmikið af gjöfum og í sumar. Kvæðst hann vilja nota tækifærið og þakka þessum gefendum og öðrum fyrir þeirra skerf til safnsins.

Íslenzka sýningin til Gautaborgar tilbúin

Í HAUST verður norræn listsýning haldin í Gautaborg. Hinar norrænu þjóðir munu þar sýna ýmiskonar myndlist í löndum sínum og hefur sýningin verið undirbúin nú í sumar. Íslenzkir listamenn taka þátt í sýningunni. Lokið er að velja þau verk sem hÉaðan verða send, en það eru alls 78 myndir, málverk, mósaik, steind gler, höggmyndir og veggteppi.

Í gærðag voru nokkrir listmálarar í Listamannaskálanum önnu kafnir við að búa um málverkin, sem hÉaðan verða send með flugvél. Hafði Hjörleifur Sigurðsson listmálari orð fyrir þeim. Sagði hann að 19 Íslendingar tæku þátt í sýningunni og eftir þá væru alls 78 myndir. — Félag Ísl. myndlistarmanna hefir séð um íslenzku deildina á sýningunni og var sérstök nefnd manna sem valdi verkin. Vonumst við til að verk þau, sem

sýnd verða á hinni norrænu sýningu munu vera góður þverskurður af myndlist Íslendinga í dag.

Listmálarar þeir, sem verk eiga á sýningunni eru þeir Jóhannes Kjarval, Gunnlaugur Scheving, Hjörleifur Sigurðsson, Sverrir Haraldsson, Kristján Davíðsson, Karl Kvaran og Snorri Arinbjarnar.

Júlíana Sveinsdóttir og Ásgerður Búadóttir sýna veggteppi, Valtýr Pétursson mósaikmyndir úr íslenzku grjóti og Nina Tryggvadóttir sýnir steind gler. Svartlistarmyndir eru eftir Barböru Árnason, Braga Ásgeirsson, Jón Engilberts og Veturlíða Gunnarsson. Höggmyndir eru eftir þá bræður Jón og Guðmund Benediktssyni, Sigurjón Ólafsson og Ásmundur Sveinsson.

Sýningin verður opnuð 12. októbr. Munu hÉaðan fara sennilega 2—3 menn, en Ásmundur Sveinsson verður meðal þeirra, hann er reyndar í Svíþjóð um þessar mundir.